



Fundargerð

1238. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,

2. október 2019, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinnsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Ólöf A. Sanders, Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

1. Stækkun hjúkrunarheimilis í Reykjaneshæ (2019050812)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Ása Eyjólfsdóttir forstöðumaður öldrunarþjónustu mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu.

2. Fráveitukerfi Reykjaneshæjar (2019050681)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu.

3. Vallarbraut – ósk um heimild til niðurrifs (2019090700)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir erindi sviðsstjóra umhverfissviðs um flutning/niðurrif hússins.

4. Miðnesheiði – samstarfsyfirlýsing (2019050820)

Lögð fram drög til kynningar að samkomulagi um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands á nágrenni Keflavíkurflugvallar. Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

5. Erindisbréf bæjarráðs (2019090285)

Drög að erindisbréfi lagt fram. Bæjarráð samþykkir drögin og vísar til afgreiðslu forsetanefndar.

JFF
RÚR
GÓ
M



6. Drög að reglum um heiðursborgara Reykjanesbæjar (2019090686)

Lögð fram drög að reglum um heiðursborgara Reykjanesbæjar.

7. Ósk um tilnefningu í starfshóp um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum (2019090706)

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Margrét Ólöf A. Sanders eru tilnefnd í starfshópinn fyrir hönd Reykjanesbæjar. Bæjarráð leggur áherslu á að Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skipi einnig sérfræðing (framkvæmdasjtóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum) til að starfa með hópnunum.

8. Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin (2019051904)

Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir að halda áfram samstarfi um heimsmarkmiðin við ISAVIA og sveitarfélögin á Suðurnesjum.

9. Fundargerð Þekkingarseturs Suðurnesja 16. september 2019 (2019050797)

Lögð fram.

10. Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs EBÍ 20. september 2019 (2019060231)

Lögð fram.

11. Erindi vegna gistiheimilis (2019080526)

Bæjarráð ítrekar bókun frá 1235. fundi bæjarráðs um að notkun hússins til atvinnurekstrar sem gististaður í fl. II samræmast ekki skipulagi svæðisins. Því getur bæjarráð ekki mælt með heimild til breytinga rekstursins úr flokki I í flokk II. Margrét Ólöf A. Sanders og Gunnar Þórarinnsson sitja hjá.

12. Erindi vegna lífeyrismála (2019090953)

Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu Brúar lífeyrissjóðs og heimilar að veita undanþágu frá réttindaákvæðum Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar og heimilar eingreiðslu réttinda í þeim tilgangi að viðkomandi geti nýtt sér réttindi almannatrygginga.

13. Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga - umsögn í samráðsgátt (2019090694)

Lagt fram.

14. Umsagnarmál frá nefndarsviði Alþingis (2019050801)

a. Frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 122. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0122.html>

b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0022.html>

c. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál. <https://www.althingi.is/altext/150/s/0026.html>

d. Frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (heildarlög), 101. mál



<https://www.althingi.is/altext/150/s/0101.html>

e.Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 16. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0016.html>

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.35

Guðni Einarsson

M. Sævarður

Gunnar Þorláksson

F.B.

Stær Kist